

Íslenska 8.bekkur 2025-2026

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

8

Lýsing

Almenn íslenska, málfræði, ritun og lestur bókmennta.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Námsefni vetrarins samanstendur af einni textabók, Kveikjum, með fjölbreyttum verkefnum. Verkefni eru samin með hliðsjón af markmiðum Aðalnámskrár frá 2011-2013. Í námsbókinni eru ótal mismunandi verkefni sem reyna á ólíka þætti íslenskunnar, allt frá lestri, ritun og framsögn að málfræði og setningafræði. Þá gefst nemendum einnig kostur á að tjá skoðanir sínar í rökstuddu máli og þjálfast um leið í að taka gagnrýni á eigin skoðanir.

"Markmiðið með íslenskukennslu er fyrst og fremst að styrkja nemendur sem málnotendur, lesendur, greinendur og skapara; auka sjálfstraust þeirra í notkun og meðferð íslenskunnar og gera þeim ljóst hversu mikilvæg hún er fyrir þá persónulega og samfélagið í heild sinni." (Kennsluleiðbeiningar).

Jafnframt þessari heildstæðu kennslubók eru lesnar almennar bókmenntir klassískar- nútíma- og fornsögur - og þeim gerð skil á skapandi hátt. Áhersla er lögð á nútímabókmenntir sem eru nálægt nemendum í tíma. Ætlunin er að nemendur geti betur speglað sig í þeim bókmenntum og með því er reynt að kveikja og viðhalda áhuga á bókmenntum og lestri almennt. Með áherslu á klassískar bókmenntir er verið að kveikja áhuga á heimsfrægum og þekktum bókmenntum s.s. Rómeó og Júlíu, Silar Marnar, Drakúla ofl.

Námsaðlögun

Ef nemendur þurfa sérstaka námsaðlögun er hún veitt. Ýmist er það í formi aðlagaðs námsefnis, aðgengi að hljóðbókasafni og ýmsum forritum og öppum sem styðja við skil nemenda.

Námsmat

Námsmat í íslenskunni felst í símati og virkri endurgjöf. Þannig er litið svo á að öll vinna vetrarins verði til grundvallar einkunn - en nemendur fá tækifæri til að velja þau verkefni sem þeim finnst að sértaklega eigi erindi til námsmats, í samráði við kennara.

"Til að námsmatið virki hvetjandi þarf endurgjöfin að vera einföld, jákvæð og gagnleg: Hvað er vel gert? Hvað þarf að bæta – og hvernig er hægt að gera það?" (Kennsluleiðbeiningar).

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Talað mál, hlustun og áhorf

- Halda við því sem unnist hefur með Upplestrarkeppninni
- Tekur þátt í umræðum um námsefni hverju sinni, t.d. skáldsögur, blaðagreinar, kvikmyndir og málefni líðandi stundar.
- Getur staðið fyrir framan áheyrendur og flutt/lesið texta á skýran hátt.
- Getur átt góð samskipti og sýnt tillitssemi og virðingu.
- Getur nýtt sér sköpunarkraft við að velja miðil sem hentar til þess að koma frá sér verkefnum fyrir framan hóp, einn eða í samvinnu við aðra

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Lestur og bókmenntir

- Velur lestrarefni í kennslustundum, t.d. skáldsögur, fræðibækur, tímarit, teiknimyndasögur o.fl.
- Getur lesið bókmenntir með það fyrir augum að kryfja efni þeirra.
- Eykur lestrarhraða, t.d. í gegnum lestrarátak
- Þekkir mismunandi texta og vinnur verkefni þeim tengdum, s.s. ljóðum, örsögum og stuttum textum.
- Þekkir hugtök eins og innri og ytri tíma, fléttu, sjónarhorn og sögusvið og greinir texta út frá þeim.
- Les a.m.k. 180 orð (300 atkv.) á mínútu af skilningi.
- Greinir og skilur aðalatriði úr texta í gegnum myndmál, útdrætti og hugarkort
- Getur leitað heimilda og texta í fjölbreyttum gagnaveitum.

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Ritun

- Beitir nokkuð rétttri stafsetningu.
- Getur skrifað fjálsan texta með tilfinningu fyrir uppsetningu, stafsetningu og uppbyggingu.
- Þekkir helstu stafsetningarreglur, s.s. y-reglur, n/nn, stofn, -an, steinsregluna o.fl.

- Getur skrifað ritgerð með inngangi, meginmáli, lokaorðum og efnisgreinum.
- Getur skrifað stutta texta, s.s. útdrátt.
- Skrifar bókmenntaritgerð.

Íslenska fyrir 8. bekk Varmahlíðarskóli - Málfræði

- Þekkir sameiginleg einkenni fallorða.
- Getur notað orðabækur og handbækur um málfræði auk efnis á netinu.
- Þekkir veika og sterka beygingu nafnorða og lýsingarorða.
- Þekkir alla fornafnaflokka og kann að flokka orð í viðeigandi flokka.
- Getur nýtt orðaforða sinn og tilfinningu fyrir því að íslenska sé lifandi mál, t.d. í gegnum nýyrðasmíði og Fimbulkamb

NÁMSEFNI/GÖGN



Kveikjur

Alhliða kennslubók í íslensku

(<https://mms.is/namsefni/kveikjur-texta-og-verkefnabok-i-islensku-rafbok>)



Rómeó og Júlía

Sígild saga

(<https://mms.is/namsefni/romeo-og-julia>)